

## Eilíf hvíld.

Eitthvert sinn er eg heyrði hina alkunnu kirkjubæn um að guð gefi framliðnum eilifa hvíld, mærgendurtekna við eitt-hvert mjög leiðinlegt lag, kom mér i hug, að vert væri að minna á, hversu mjög ber að forðast, að ætla að vera líatið-legur með því að vera leiðinleg-ur og þvaðurkendur. Hvað er eilif hvíld? Væri dauðinn endir alls, þá gæti ekki verið um neina hvíld að ræða. En ef lifað er á-fram, hvaða vit er þá í því að tala um eilifa hvíld eftir örstutt lif, eins og jafnvel lengsta mannsævi er hér á jörðu. Sann-leikurinn er þá lika á þá leið, að ástandið eftir dauðann er ekki eintóm hvíld, heldur mjög á hinn veginn, minni og minni þörf fyrir hvíld — ef vel hefir stefnt — en vaxandi hæfileiki til að leysa af hendi ávalt meira og merkilegra starf, taká ávalt meiri og fullkomnari þátt í sköpunarverkinu. En það er ein-mitt tilgangur lifsins, að geta betur og betur orðið samstarf-andi guði í að skapa heiminn. En því miður er ástandið hér á jörðu oft og að miklu leyti þannig, að segja mætti að reynt

---

sé af fullt svo miklum áhuga til að vera andskotanum samstarf-andi í að spilla og tefja fyrir sköpunarverkinu.

Helgi Pjeturss.

V. 56. 40